

Alþingi - Menntamálanefnd
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 103 Reykjavík, Ísland

• (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 11. desember 2006

Tilvísun: UST20061100098/tb

Efni: Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands

Vísað er í bréf frá menntamálanefnd Alþingis, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál. Málið hefur áður komið til umsagnar stofnunarinnar, sbr. bréf til menntamálanefndar dags. 25. maí sl, en eina breytingin sem hefur orðið frumvarpinu varðar 2. málsl. 1. mgr. 5. gr.

Umhverfisstofnun hefur yfirfarið framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Umhverfisstofnun telur breytingu þá sem hefur orðið á 5. gr. frumvarpsins til bóta og samræmist hún athugasemd stofnunarinnar.

2. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir um hlutverk Náttúruminjasafn Íslands að það skuli m.a. varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd..... Í síðustu mgr. sömu greinar segir að Náttúruminjasafnið skal leitast við að eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða. Einnig er fjallað um þessi atriði í greinargerð og eru þar m.a. taldar upp ýmsar stofnanir. Meðal þeirra stofnana sem eru nefndar eru eingöngu vísinda- eða rannsóknastofnanir: Þar er t.d. ekki að finna Umhverfisstofnun sem hefur umsjón með flestum friðlýstum svæðum í landinu og fer með t.d. framkvæmd laga um náttúruvernd, hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um vernd, friðun og veiðar villtum fuglum og villtum spendýrum. Framkvæmd allra þessara laga tengjast mjög væntanlegu hlutverki Náttúruminjasafnsins. Til dæmis er náttúruvernd eitt af megin hlutverkum Náttúruminjasafnsins.


Hlutverk Náttúruminjasafnsins er að mestu leyti að miðla þekkingu sem m.a. byggist á rannsóknnum. Umhverfisstofnun telur frumvarpið hins vegar einskorðast of mikið við rannsóknastofnanir en telur að ekki megi líta fram hjá þeirri áralöngu þekkingu og fræðsluhlutverki sem t.d. Umhverfisstofnun hefur öðlast m.a. við rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða, þ.m.t. rekstur gestastofa, og vegna almennrar fræðslu um náttúru- og umhverfisvernd. Umhverfisstofnun leggur því til að stofnunin sé sérstaklega nefnd í greinargerð til að tryggja aðkomu hennar m.a. að umfjöllun um náttúruvernd o.fl.

3. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að Náttúrufræðistofnun Íslands sé faglegur og vísindalegur bakhjarl Náttúruvinnisráðsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sjá 3. gr. í 8. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að við gildistöku laganna verði breyting á safnalögum nr. 106/2001 þar sem í stað orðanna „og sýningar“ í 2. málsl. 5. gr. komi: sýningar og rannsóknir. Hér er því bætt við rannsóknarhlutverki við sýningar og fræðsluhlutverk Náttúruvinnisráðsins.

Oft geta verið óljós skil milli þess sem flokkast undir rannsóknir eða hvort um er að ræða vöktun. Má því spyrja hvort gera megi ráð fyrir því að rannsóknarhlutverk Náttúruvinnisráðs Íslands gæti farið að skarast við t.d. hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands eða annarra stofnana með rannsóknar eða vöktunarhlutverk. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þar sem oft er takmarkað fjármagn til ráðstöfunar við vöktun og rannsóknir að ekki sé verið að auka við stofnunum sem hafa svipað hlutverk. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að ef breyta á safnlögunum sbr. hér að ofan þá eigi að skilgreina hvað sé átt við með rannsóknum sem Náttúruvinnisráði Íslands sé sérstaklega ætlað að stunda. Má hér t.d. benda á að eðlilegra væri að taka sérstaklega fram að fyrst og fremst væri átt við rannsóknir sem er ætlað að bæta faglega þekkingu safnsins t.d. við að varðveita náttúrugripi eða efla faglega þekkingu á sviði sem styrkir safnið í fræðsluhlutverki þess og að koma upplýsingum um náttúru Íslands á framfæri.

Virðingarfyllst


Árni Bragason


Trausti Baldursson